

Fnjóskadalslína

Athugun á fornleifum vegna strenglagningar

RARIK

í Fnjóskadal yfir í Eyjafjörð



Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur MA.

Febrúar 2019

EFNISYFIRLIT

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.....	4
Lög um menningarminjar.....	4
Aðferð við skráningu.....	6
Lýsing á legu jarðstrengsins og felling loftlínunnar.....	7
Niðurstöður.....	14
Heimildir:	15

Forsíðumyndir.

Efst til vinstri: Horft í austur. Hjarðaholt til vinstri, strenglönin mun liggja til hægri við vegslóðann og skurðinn.

Efst til hægri: Horft í austur frá landi Þverár að gömlu loftlínunni sem liggur til suðurs í landinu.

Neðri mynd: Horft til vesturs að Akureyri. Leirurnar til hægri þar sem strengurinn mun liggja samhliða veginum yfir Leirurnar að sunnan.

Efni: Eftirlit að fornleifum verði ekki raskað vegna strenglagningar og niðurfellingar á loftlínum á vegum Rarik í Fnjóskadal

Samkvæmt verkáætlun Rariks er strenglöggnin áætluð á vordögum 2019, og gömlu loftlínurnar fara niður í haust/vetur 2019-2020.

Fyrirhuguð strenglöggn mun liggja um nyrðri hluta Fnjóskadals u.þ.b. frá Fnjóskadalsbrú og liggur hún að vestan- og austanverðu í dalnum, og endar við bæinn Þverá í norðvestur austan Fnjóskár. Þá mun strengurinn liggja frá landi Viðfells og í vestur um land Hrísgarðs, um Tungunes yfir Vaðalheiði og kemur niður ofan og austan við Siglufjörk, Litla-Hvams 1, Geldingsár, Sólbergs (Geldingsár), Meyjarhóls, lands Halllands og Halllands lands, Veigastaða, Ytri- og Syðri Varðgjá. Við Ytri Varðgjá sveigir strengurinn til vesturs og fer í gegnum land Eyralands. Liggur þaðan yfir leirunnar á Eyjafjarðará að Akureyri, sunnan vegarins, þaðan austan við þjónustusvæði við Leiruveg, fylgir síðan Drottningarbraut að vestanverðu að Leiruvegi, fylgir þeim vegi að norðan/vestan, u.þ.b. að norðvesturhorni Skautahallar Akureyrar. Þar liggur löggnin í þónokkrum bratta í landinu í vestur, og sameinast Miðhúsabrutinni ofar í landinu, fylgir henni síðan að autanverðu í gegnum efri byggðir Akureyrar. Á móts við Daggarlund fer strengurinn yfir veginn til vesturs en heldur síðan áfram til norðurs og liggur vestan við hesthúsahverfi Léttis yfir Súluveg, fer þar yfir Glérá, fer þar í gegnum nokkuð raskað land að Hlíðarfjallsvegi að tengivirki Rangárvalla sem er sunnan Miðhúsabrutar með tengingu í tengivirkið að vestanverðu.

Loftlínur sem teknar verða niður.

Það má skipta þeim í tvær leiðir þar sem önnur leiðin liggur eingöngu austan Fnjóskár frá Veisuseli, Merki að Sólvangi, en hin leiðin liggur til að byrja með austan árinna, en fer síðan yfir ána og liggur þá vestan hennar. Frá Þverá, um land Garðs, Ytri-Hóls og Syðri Hóls, Bövarsgarðs, Böðvarsness, Hjarðarholts, Draflastaða, Grímsstaða, Dælis, Vatnsleysu (3 bæi), Víðifells, Víðivalla og sumarhúss Víðifelli - að Hrísgarði.

Að beiðni RARIK var eftirlit með minjum á ætlaðri lagnarleið strengsins unnið af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi MA.

Lega strengsins var skoðuð 2.-3. október 2018, ásamt Rögnvaldi Guðmundssyni, Rekstrarsviði Rarik á Akureyri.

FORNLEIFAR OG TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af mannavöldum eða að náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

LÖG UM MENNINGARMINJAR.

Í 1. grein laga um menningarminjar segir svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Í 3. grein minjalag er gerður greinarunur á forngrípum og fornleifum sem eru greindar eftirfarandi:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Í 6. grein minjalaga segir um rannsóknir á fornleifum:.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

Í 16. gr. Segir um *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda*. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skyld er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

Í 24 greins segir um: *Áður ókunnar fornminjar*.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar

muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

*Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1
Lög nr. 80 29. júní 2012.2*

AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið og skoða og skrá hvar minjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráning felst í að lýsa viðkomandi fornleif, hún er mæld og ljósmynduð.

Í viðkomandi skýrslu fá staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, ásamt verkefnisnúmeri Minjastofnunnar Íslands sem er tilvísun í kortagrunn stofnunarinnar og hefur þar fengið **númerið 2009 og heitið “Fornleifaskráning vegna strengjaleiðar RARIK. Fnjóskadalur-Vaðlaheiði-Svalbarðsströnd-Akureyri”**.

Við fornleifaskráninguna er reynt að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, eins og híbýli manna, útihús, eða nöfn staðhátta í landinu sem gefa vísbendingu svo sem eyktarmörk. Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hversu mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda, jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofnunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið, ásamt töflu þar sem eru upplýsingar varðandi hverja fornleif svo sem sérheiti, og ef það hefur verið hlutverk, tegund, ástand, hættumat, hættuorsök og áætlaður aldur. Staðsetning minja er einnig gefin upp í töflum í ísnet hnitum ISN 93.

Engar minjar voru skráðar við vettvangsastathugunina, hvorki á leið nýju strenglagnarinnar né vegna gömlu loftlínunnar sem verður felld.

Vélin sem plægir strenginn er um það bil 3m á breidd og strengurinn er plægður á 90cm dýpi. Vélin ristir aðeins mjóa rönd í landið þar sem strengurinn er lagður ofan í.

LÝSING Á LEGU JARÐSTRENGSINS OG FELLING LOFTLÍNUNNAR

Jarðstrengurinn skiptist í þrjá arma.

Loftlínan sem á að fella skiptist í tvo arma.



Mynd 1. Horft í norðvestur að Þverá. Gamla loftlínan er í staur á miðri mynd. Nýja strenglögnin mun enda utan við hliðgrindina til hægri.

Mið grein strengsins sem er Fnjóskadalsmegin.

Þverá I og II (bl.2)

Fyrirhuguð strenglögn mun liggja frá bænum Þverá (bl.2) sem er í vestasta hluta strenglagnarinnar í Fnjóskadal. Þverá er austan megin Fnjóskár og lögnin liggur austan vegarins, neðan við Þverá.

Frá Þverá liggur strengurinn (bl.3) austan vegarins í suður. Við afleggjarann að Garði er gert ráð fyrir Stöðvarhúsi. Strengurinn fer síðan í gegnum lönd Garða, Ytr-Hóls og Syðri-Hóls, að Böðvarsnesi/Böðvarsgarði, þar sem strengurinn sveigir til vesturs.

Böðvarsnes/Böðvargarður (bl. 4)

Í landi Böðvarsnes er **veiðihús** og við það verður settur upp tengikassi á mörkum heimreiðar og þjóðvegjar. Frá Böðvarstorfunni fylgir strengurinn veginum þangað til lega strengsins fer frá veginum í gegnum landið og mun liggja yfir ána. Á þessari leið mun lega strengsins liggja um sléttan mel með lágvöxnum gróðri og fylgir það vegslóða vestan Fnjóskár. Þar fer lögnin yfir hólma í ánni, og upp á bakkan hinum megin í vestur og fylgir þar vegslóða um landið sem liggur þar um sléttlendi sem liggur fram hjá **Hjarðarholti** (bl.5).



Mynd 2. Horft til suðurs yfir strenglandið vestan árinna.



Mynd 3. Horft til austur. Hjarðarholt til vinstri, strenglönin til hægri við vegslóðann og skurðinn.

Hjarðarholt er norðan slóðans sem liggur að þjóðveginum sem liggur norður/suður. Við gatnamót slóðans og vegarins eru Draflastaðir vestan vegarins. Á þessum mótum vegarins er jarðspennistöð austan vegarins. Frá **Draflastöðum** (bl.5) fygir strengurinn þjóðveginum að austanverðu í suður framhjá landi **Grímsgerðis** (bl.5) sem er vestan vegarins nokkuð ofar í landinu. Neðan/austan og sunnan við Grímsstaði er tengikassi austan vegarins og aðeins sunnar er jarðspennistöð sem liggur á milli nýja strengsins og gömlu loftlínnar sem á að fella.

Þá fer strengurinn um land **Veisu** (bl.6).

Í landi **Dælis** (bl.6) sem er vestan vegarins aðeins sunnar en **Veisa** er tengikassi við heimreiðinna við vegkantinn. Suður frá Dæli fer lögnin frá veginum í suður í gegnum sléttuð tún **Vatnsleysu**-húsa (bl.7)

Milli bæjanna á Vatnsleysu verður settur upp tengikassi á strenginn við heimreiðina að **Vatnsleysu II**.

Við **Vatnsleysu II**, skiptist strengurinn í **tvær greinar**, en þriðja grein hans sem er sjálfstæð grein er þar austar og er frá **Veisuseli** að **Merki** og **þaðan í suður** að **Sólgarði** (**Sjá neðar**).

Miðgrein strengsins sem kemur upphaflega frá **Þverá** í norðvestri liggur þarna að **Vatnsleysu**, **Vatnsleysu I** og **Vatnsleysu II**, fer síðan suður í gegnum landið austan bæjanna þriggja að **Viðifelli** og **Víðivöllum** og endar í tengikassa á móts við **sumarhús Víðifells**. Þaðan fer strengurinn áfram í suður að bænum **Hrísgerði** og endar þar.

Lega strengins gengum landið frá **Vatnsleysu** er um sléttuð tún að **Víðivöllum** (bl.8) þar sem verður settur upp tengikassi fast við heimreiðina. Bæjarstæði **Víðivalla** er undir trjávöxnum mel, strengurinn liggur síðan í suður eftir sléttuðu túni að **sumarhúsi Víðifells** (bl. 8) þar sem einnig verður settur upp tengikassi.

Frá sumarhúsi Víðifells fylgir strengurinn núverandi lágspennustreng í vestur frá bæjarstæðinu um ræktaðan túnblett, og liggur þaðan niður að þjóðveginum, og liggur síðan í suður eftir sléttuðum túnum að **Hrísgerði** (bl.8). Norðan við Hrísgerði í sléttuðu túni verður komið fyrir tengikassa þar sem strengurinn endar.

Austasta grein jarðstrengsins:

Austan árinna, og austan vegarins er **Veisusel** (bl.6), þar veður settur upp tengikassi við vegkantinn sem liggur í suður/norður í landinu. Frá **Veisuseli** liggur strengurinn samhliða veginum að austan að **Merki**. Frá Merki heldur strengurinn áfram í suður að **Sólgarði** og endar þar í tengikassa.

Þriðja grein jarðstrengsins og vestasta af þessum þremur sem áður er getið, liggur frá **Vatnsleysu II** í suðvestur yfir óraskað landið þar sem eru klettar tjágróður og og lyngmóar og liggur þarna frá Fnjóskadal yfir í Eyjafjörð. Strengurinn liggur yfir land **Tungunes/Ljótsstaði** og **Nes Fnjóskadalsmegin**. **Frá Fnjóskadal liggur strengurinn** yfir í Eyjafjörð. Á þessari leið strengsins liggur hann yfir Vaðlaheiðina þar sem er lággróður, klettabelti og trjágróður. Eyjafjarðarmegin er ætluð lega strengsins í gegnum landið í suður og liggur þar í gegnum lendur: **Sigluvíkur**, **Litla-Hvammis 1**, **Geldingsár**, **Sólbergs** (og **Geldingsá**), **Meyjarhóls**, **lands Hallands** og **Halllands lands**, **Veigastaða**, **Ytri-** og **Syðri Varðgjár**.

Við **Ytri -Varðgjá** sveigir strengurinn til vesturs og fer í gegnum land **Eyralands**.



Mynd 4. Horft til vesturs að Akureyri. Leirurnar til hægri þar sem strengurinn mun liggja samhliða veginum yfir Leirurnar að sunnan.

Strengurinn liggur þaðan yfir Leirunnar yfir til Akureyrar, þar er lega strengsins sunnan vegarins, þá liggur hann austan þjónustusvæðis við Leiruveg, fylgir síðan Drottningarbrautinni að vestanverðu að Leiruvegi, fylgir þeim vegi að norðan/vestan, um það bil að norðvetsturhorni Skautahallar Akureyrar.

Þar liggur lögnin í þónokkrum bratta í landinu í vestur, og sameinast Miðhúsabrutinni ofar í landinu og fylgir henni síðan að autanverðu í gegnum efri byggðir Akureyrar. Á móts við Daggarlund fer strengurinn yfir veginn til vesturs en heldur síðan áfram til norðurs og liggur vestan við hesthúsahverfi Léttis yfir Súluveg og fer þar yfir Glérá. Strengurinn fer þar í gegnum nokkuð raskað land að Hlíðafjallsvegi, þar í norður að vegi að Tengivirki Rangárvalla sem er sunnan Miðhúsabrutar. Þar mun strengurinn tengjast við nyrðrihluta Tengivirkisins að vestanverðu. Þar endar strengurinn.

Loftlínur sem tekar verða niður:

Það má skipta þeim í tvær leiðir þar sem önnur leiðin liggur eingöngu austan Fnjóskár.

Hin leiðin liggur til að byrja með austan árinnar, en fer síðan yfir ána og liggur þá vestan hennar.



Mynd 6. Horft í austur frá landi Þverár að gömlu loftlínunni sem liggur í suður,

Loftlína liggur frá **Þverá**, um land **Garðs**, **Ytri-Hóls** og **Syðri Hóls**, **Bövarsgarðs**, **Böðvarsness**, **Hjarðarholts**, **Draflastaða**, **Grímsstaða**, **Dælis**, **Vatnsleysu**, (3 bæi), **Víðifells**, **Víðivalla**, sumarhúss **Víðifelli** - að **Hrísgerði**.

Lega þessa strengs byrjar austan Fnjóskár við **Þverá**, **Garð**, **Ytri Hól** og **Syðri Hól**, **Bövarðsgarð**, **Börðvarsnes** og fer þaðan yfir ána í vestur og fylgir þá ánni að vestanverðu um land **Hjarðaholts**, þaðan að **Draflastöðum** og **Draflastöðum II**, neðan **Grímsstaða**, þá **Dæli**, og **Vatnsleysu** og **Vatnsleysu I, II**, þá að **Víðifelli**, **Víðivellir**, og **Víðifell** sumarhús, að **Hrísgerði** og endar þar.

Endastaur loftlínunnar er sunnan og ofan við bæjarstæði **Þverár** nokkuð hærra í landinu en vegstæðið.

Næst bæjarstæðinu fer stauralínan í gegnum ræktuð tún, þá liggur hún yfir Þverána og yfir vegslóða að Garði, og heldur síðan áfram til suðurs í gegnum landið þar sem eru melar og móar og liggur það þó nokkuð ofar/austar í landinu en vegstæði sem fylgir Fnjóskánni neðan við brattann.

Ofan/austan við loftlínuna eru svo bæirnir, **Garður**, og **Ytri-Hóll** en að þeim liggur vegur sem línan liggur yfir, og frá **Syðri-Hóli** í túnjarðinum vestan við bæinn í suður, þá taka við móar og melar og óræktað land. En síðan liggur línan aftur í vesturjaðri ræktaðra túna í suður í átt að **Böðvarsnesi/Böðvarsgarði** þar sem línan liggur á milli bæjanna. Þar sveigir línan til vesturs og fer þar í gegnum heimatún **Böðvarsness** niður að vegi austan árinna og þaðan yfir Fnjóská, liggur þar í gegnum lágan gróður og þá tekur við ræktuð tún að **Draflastaðatorfunni** vestan árinna.

Þar sem línan kemur yfir ána fer hún til að byrja með yfir óræktað land sem er grasivaxið með sinu, þá liggur línan í suður, og kemur inn á og yfir land **Hjarðarholts** fyrir neðan/vestan bæjarstæði og fer þar yfir smáhluta af ræktuðu

túni, liggur þá yfir veginn og fer yfir á land **Draflastaða**. Lega hennar er fyrir neðan bæjarstæði og kirkjustað, sem ekki er í hættu vegna stauraniðurfellingarinnar. Línán heldur áfram í suður í gegnum ræktuð tún sem eru skorin af vorlendisskurðum. Þá er komið inn á land **Grímsgerðis** sem stendur nokkuð ofar en línustæðið sem er nú komið samhliða vestanverðum veginum.

Þá heldur loftlínan áfram til suðurs og fer yfir í land **Dælis** þar sem línán sveigir frá legu vegarins og tekur sveig nær bæjarstæðinu og liggur þar í gegnum ræktað og sléttað tún Dælis. Þegar heimatúninu sleppir fer línán í gegnum óræktað lyng- og skógvaxið land sem að hluta til liggur í klettabelti.

Þá tekur við ræktuð tún **Vatnsleysutorfunnar (Vatnsleysa, og Vatnaleysa I og II)** og þá liggur línán nær veginum. Línán liggur neðan við bæjarstæðin og fer yfir heimreiðirnar að bæjunum, en fer síðan áfram í suður yfir ræktuð tún ofan/vestan vegarins að **Víðifelli** sem liggur austan bæjarstæðisins og þaðan að **Víðivöllum** og **sumarhúsi Víðivells**.

Neðan sumarhússins, er línán komin samhliða veginum að vestan og liggur þar áfram til suðurs um tún **Hrísgerðis** og það er suðurendi þessarar línu.



Mynd 7. Horft til norðausturs yfir túnið á Hrísgerðis þar sem gamla Loftlínan er til vinstri í túninu.

Loftlína frá Veituseli að Merki, að Sólvangi liggur í gegnum landið austan Fnjóskár.

Veisusel. Austan Fnjóskár liggur línán í suður yfir ræktuð tún Veisusels. Línán liggur nokkuð ofar en vegurinn (vegur 835). Línán liggur frá Veisuseli yfir óræktað land þar til komið er að bæjarstæðinu að **Merki** þar sem ræktuð tún eru

ofan við bæjarstæðið og eru ofan línunnar. Liggur línan á milli bæjarlandsins og ræktuðu túnanna, þar sem landið er óhreyft með lynggróðri með klettabreiðum. Frá Merki liggur línan að **Sólvangi**. Á þessari leið fer línan að hluta til í gegnum ræktað tún sem er næst Sólvangi. Við Sólvang er endastaur línunnar sem verður felld á þessari leið.

NIDURSTÖÐUR

Hafa ber í huga ákvæði laga um menningarminjar um áður óþekktar fornleifar með tilvísun í VI. KAFLA, Verndun og varðveisla fornminja. 24 grein segir svo:

“Áður ókunnar fornminjar.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.” Heimasíða Alþingis .Menningarminjar *Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).*¹

Vegna fyrirhugaðrar strenglagnar í jörðu frá Fnjóskadal yfir í Eyjafjörð í tengivirki á Rangárvöllum á Akureyri á árinu 2019 var fyrirhuguð lagnaleið skoðuð 2.-3.október 2018.

Þá var einnig skoðuð gamla loftlínan sem liggur um Fnjóskadal, en hún verður felld með tilkomu nýju strenglagnarinnar.

Nýja strenglögðin:

Við vettvangsathugun á nýju strenglögðinni var ekki að merkja að lögðin mundi raska minjum á fyrirhugaðri legu hennar.

Heimildir gefa heldur ekki vísbendingu um að minjar geti verið í hættu vegna þessara framkvæmda.

Vegna legu strengsins um Vaðlaheiði var sérstaklega athugað hvort gamla **Þingmannaleiðin** sem liggur um heiðina gæti verið í hættu vegna þessara framkvæmda, en svo var ekki. Stysta vegalengd frá Þingmannaleiðinni var um 1.6 km að fyrirhugaðri lagnaleið.

¹ Heimasíða Alþingis .Menningarminjar *Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).*

Loftlínan sem á að fella:

Loftlínan sem á að fella liggur eingöngu í Fnjóskadal. Við vettvangsskoðun komu ekki minjar í ljós þegar lega hennar var skoðuð.

Landið ofan/austan við tún **Böðvarsness/Böðvarsgarðs** var skoðað sérstaklega vegna hugsalegra minja sem eftir loftmyndum gáfu til kynna að svo gæti verið.

Það sem kom fram við vettvangsskönnunina er að við sléttun túna hefur jarðvegi verið rutt upp fyrir það sem nú er túnjaðarinn, en minjar ekki merkjanlegar.



Mynd 8. Umhverfi loftlínunnar ofan Böðvarsnes, hoft í norður að Pverá.

Það eru því engar minjar í hættu vegna niðurfellingar loftlínunnar, þegar það verður framvæmt.

HEIMILDIR:

Farið var yfir **Örnefnaskrár** fyrir lendur þeirra bæja þar sem strenglöggnin mun liggja um auk loftlínunnar sem á að fella, *sjá skrá yfir bæjanöfn hér að neðan*.

Þá voru athuguð **túnakort frá 1920** vegna viðkomandi bæjarstæða, *sjá skrá yfir bæjanöfn hér að neðan*.

Loftmyndir voru skoðar af strengleiðinni og loftlínunni.

Þá var **GPS-leið** hinnar gömlu Þingmannaleiðar færð inn á loftmynd til að athuga hvort strenglöggnin mundi raska henni á einhvern hátt, en svo var ekki.

Lög um menningarminjar. Heimasíða Alþingis: Menningarminjar *Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög)*.

Ljósmyndir: Katrín Gunnarsdóttir. Teknar voru 63 myndir.

Kortagrunnur: Meðfylgjandi kortagrunnur unninn hjá RARIK/Akureyri.

Nöfn á löndum jarðanna sem framkvæmdir lagnaleiða koma til með að liggja um að meira eða minna leiti.

Þverá, Garðar, Ytri-Hóll, Syðri Hóll, Böðvarsnes, Hjarðarholt, Hjarðarholt lóð, Draflastaðir, Grímsgerði, Veisa, Dæli, Merki, Veisusel, Sólvangur og Sólvangur 1,2,3, Vatnsleysa, Víðifell, Hrísgærði, Tungunes/Ljótstaðir, Nes, Siglufjörður, Heiðarholt, Litli-Hvammur 1, Geldingsá, Sólberg (og Geldingsá), Meyjarhóll, Hallland land og Hallland, Veigastaðir, Ytri-Varðgjá, Syðri-Vargjá og Eyraland.